

Kæru kennarar.

Meðfylgjandi eru leiðbeiningar um hvernig er hægt að skoða og breyta prófsvuntu námskeiðs fyrir próf.


Prófsvuntur fylgja prófum til prófstjóra og yfirsetufólks í prófum. Á þeim eru mikilvægar upplýsingar um prófin m.a. um hvernig prófin skuli merkt af nemendum, hvaða gögn eru leyfileg í prófi og hvaða kennarar muni ganga í stofur á meðan á prófinu stendur.


**Það er mjög mikilvæg það þessar upplýsingar séu réttar á prófsvuntunum.**

Til að finna prófsvuntu er farið í Uglu og valin „Ugla mín“ vinstra megin á síðunni og síðan „Námskeiðin mín“ þar undir í valmöguleikunum sem birtast:



Þegar þangað er komið birtist listi yfir öll námskeiðin sem þið eruð skráð kennarar á og þar finnið þið námskeiðið sem þið viljið skoða. Í síðasta dálkinum til hægri við hvert námskeið er

reitur sem heitir „Aðgerðir“ og með því að velja  fáði þið aðgang að prófsvuntu námskeiðsins.



Þar er mikilvægt að fara yfir að allar upplýsingar séu réttar og merkja aðeins við þá kennara sem munu ganga í stofur í prófunum.

Síðast en ekki síst á að vista prófsvuntuna og láta hana fylgja með prófinu.